

Sambandsþing Landssambands æskulýðsfélaga 2008

17. maí kl. 13:00 í kjallara Hins Hússins, Pósthússtræti 3-5.

Mæting: Fulltrúar frá URKÍ, SÍNE, SUF, AUS, UJ, SÍF, BÍSN, SHÍ, KSH, SAMFÉS.

1. Þingsetning

Formaður setur þingið og leggur til að fundarstjóri verði Agnar Bragason og er það samþykkt af fundarmönnum. Í fjarveru ritara framkvæmdastjórnar er lagt til af fundarstjóra að formaður félagsins, Hjördís Jónsdóttir taki að sér starf fundarritara. Það er samþykkt af fundarmönnum. Kosning kjörbréfanefndar fer þannig fram að Agnar Bragason, Stefán Þór Björnsson (SUF) og Kjartan Dúi (AUS) eru valdir til starfans. Nefndin fór yfir kjörbréf og kom í ljós að fulltrúar 10 aðildarfélaganna voru mættir á fundinn. Kjörbréfanefndin leggur til að skv. almennum félagalögum sé framhaldsfundurinn löglegur enda rétt til hans boðað. Það er einróma samþykkt af fundarmönnum. Sagt frá nafnabreytingu INSÍ og SÍF, það samþykkt af öllum fundarmönnum. UNG-Blind sagði sig úr sambandinu og var það tilkynnt á fundinum.

2. Ársskýrsla

Framkvæmdastjóri fór yfir ársskýrslu og helstu mál sem að höfðu verið framkvæmd á árinu. Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir sem að unnið hafði að All Different All Equal verkefninu útskýrði sitt starf nánar.

Kjartan Nielsen spurðist fyrir um gang SAMFÉS málsins. Spurðist fyrir um hvenær væri von á svari umboðsmanns Alþingis og hver væru næstu skref. Framkvæmdastjóri og formaður sátu fyrir svörum og svöruðu ýmsum spurningum varðandi málið. Niðurstaða er ekki komin frá Umboðsmanni samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Samfés. Niðurstaða fundarins var að finna þarf út hvenær niðurstaða umboðsmanns Alþingis liggi fyrir. Fulltrúi Samfés mun senda gögn þegar þau liggja fyrir.

3. Ársreikningur.

Framkvæmdastjóri sem tók við í byrjun maí útskýrði að síðustu 2 árin hefðu reikningar félagsins ekki verið skoðaðir af fagmanni. Nú hafi hins vegar verið farið í það að láta skoða bókhaldið og það tókst að ná því fyrir þingið. Farið yfir helstu tölur. Umræður um helstu liði, tekjur og gjöld.

Framkvæmdastjóri sat fyrir svörum. Rætt var um fartölvu félagsins sem ennþá er hjá fyrrverandi framkvæmdastjóra og var lagt til að gengið yrði eftir henni og hún sett í viðgerð. Rætt var um tap síðstu tveggja ára og rætt um að minnka starfshlutfall starfsmannsins niður í 50% í sumar.

Rætt var um að ársreikningurinn væri samþykktur með fyrirvara um að skoðunarmaður félagsins fari yfir reikninginn og samþykki. Það var lagt fyrir fundinn og það samþykkt með fyrirvaranum. Kjartan Due Nielsen (AUS) og Þráinn Sigvaldason (Samfés) buðu sig fram.

4. Lagabreytingar

Lögð fram tillaga um að nægi að þriðjungur aðildarfélaga sé mættur á Sambandsþing svo það sé löglegt í stað helmings, sem er í samræmi við almenn lög um Samvinnufélög í landinu. Einnig að framhalds sambandsþing sé alltaf löglegt ef rétt sé til þess boðað, sbr. almenn lög. Umræður: Fundarmenn töluðu um að þetta gæti verið hættulegt að gera þessar breytingar, ekki nógu lýðræðislegar. Aðrir töluðu um að þetta væri mjög praktískt atriði til að halda fundi og að það væri félag sjálfrá að ákveða mætingu. Ekki hægt að halda fundi í gíslingu og þetta er í samræmi við almenn lög. Lagabreytingin var samþykkt.

5. Hlé

Gerð var tillaga að stytta hlé í 10 mínútur. Stutt hlé.

6. Kosningar

Farið var beint í lið 12 um kosningu stjórnar, þar sem tveir aðilar sem voru í framboði þurftu að fara á annan fund. Frambjóðendur kynntu sig til sögunnar. Framboð kom í öll embætti og var því engin kosningarbarátta.

Eftirtalin framboð komur fram:

Íris Ösp (Samfés) bauð sig fram í embætti gjaldkera

Sindri (SÍF) bauð sig fram í varaformann

Jón Þorsteinn (Rauði Krossinn) bauð sig fram í formann

Pálína (Ungir jafnaðarmenn) bauð sig fram í alþjóðafulltrúa

Davíð Örn Sveinbjörnsson (KSH) bauð sig fram í embætti ritara

Framboðin voru samþykkt með lófaklappi allra fundarmanna.

Skoðunarmenn reikninga voru tilnefndir, Þráinn frá Samfés og Kjartan Due Nielsen frá AUS. Það var einnig samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Önnur mál

Farið var yfir framkvæmdaráætlun og kynnti framkvæmdastjóri hana til sögunnar.

Rennt var yfir rekstraráætlun og helstu atriði. Niðurstaðan var að félagið ætti að vera rekið með afgangi eða ekki með tapi.

Gerð var tillaga um að félagsgjöldin yrðu lækkuð í kr. 5000 til að aðildarfélög væru líklegri til að greiða þau. Gjaldið hefur verið kr. 20.000. Þetta var lagt fyrir fundinn og var niðurstaðan sú að 6 fulltrúar samþykktu tillöguna. Engin var á móti.

Rætt var um að markmið stjórnar ætti að vera að reka fyrirtækið á núlli eða með smá hagnaði. Rekstraráætlunin var samþykkt af fundinum.

Eðlilegt var talið af fundarmönnum að fyrrverandi framkvæmdastjóri hefði verið viðstaddur á fundinum til að gera grein fyrir störfum sínum á síðasta ári. Var það á talið.

Framkvæmdastjóri lýsir ánægju með fundinn um umræður á honum og hvetur aðildarfélög til að kynna sér metnaðarfulla framkvæmda og rekstraráætlun LÆF og taka þátt í starfinu því aðildarfélögin og samvinna þeirra er kjarni LÆF.

Fundi slitið rétt eftir kl. 15:00.